

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Svalbarðsstrandarhreppi.

Íbúðarbyggð á Svalbarðseyri.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 29. ágúst 2023 eftirtalda breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar á Svalbarðseyri:

- Lóðir nr. 12 og 14 við Bakkatún eru sameinaðar, nýr byggingarreitur afmarkaður og ákvæðum um húsagerð breytt þar sem gefinn er kostur á einnar hæðar húsi í stað tveggja hæða.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 17. október 2023 eftirtalda breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar á Svalbarðseyri:

- Lóðin Bakkatún 2 er stækkuð um 12 m til norðurs.

Breytingarnar teljast óverulegar með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið meðferð skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Svalbarðsstrandarhrepps, 15. febrúar 2024,

Vigfús Björnsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 1. mars 2024